# Orkuveita Húsavíkur ohf.

Ársreikningur

# 2023

Orkuveita Húsavíkur ohf.
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík
kt. 641195-2359

EHK
[signature] Þ.H.

# Orkuveita Húsavíkur ohf.

## Ársreikningur

## 2023

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 2-3 |
| Skýrsla stjórnar | 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8-18 |


EHK
ВН.Н.

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar og hluthafa Orkuveitu Húsavíkur ohf.**

**Álit**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orkuveitu Húsavíkur ohf. fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Orkuveitu Húsavíkur ohf. á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

**Grundvöllur fyrir áliti**

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Orkuveitu Húsavíkur ohf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum**

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Orkuveitu Húsavíkur ohf. Ef við á skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

**Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins**

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.



EHK

## Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Húsavík, 28/4 2024

**Enor ehf.**
Hafnarstræti 53, Akureyri

Níels Guðmundsson

Níels Guðmundsson
löggiltur endurskoðandi



EHK
V.M.

# Skýrsla stjórnar

**MEGINSTARFSEMI FÉLAGSINS**
Í samþykktum Orkuveitu Húsavíkur ohf. kemur fram að tilgangur félagsins sé orkurannsóknir, vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns og hvers konar annarra auðlinda, dreifing og sala afurða fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfsemi sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Félaginu er heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

**STARFSEMI Á ÁRINU 2023**
Framkvæmdir á vegum Orkuveita Húsavíkur ohf. námu um 86 milljónum króna á árinu sem er heldur minna en áætlað var. Hluti af ástæðu þess er að afhendingartími aðfanga hefur lengst vegna ástands í heiminum.

Helstu verkefni félagsins á árinu voru endurnýjun á hitaveituæð frá Rauðuskriðu að Jódísarstöðum, um 1,3 km. Endurnýjaðir voru um 120m. af kápu aðveituæðar hitaveitu frá Hveravöllum að Orkustöð. Endurnýjuð var stofnlögn milli Grímshúsa og Hellulands ásamt dælu og aðveitulögn að Strút. Stofnlögn við kirkjugarðinn á Húsavík var endurnýjuð ásamt fjölda heimlagna.

Töluverðar framkvæmdir voru í fráveitu þar sem regn – og fráveitulagnir voru lagðar í 1. áfanga í Reitnum, nýju hverfi á Húsavík, ásamt því að endurnýja fráveitu á Höfða þar sem einnig var lögð regnvatnslögn. Endurnýjuð var kaldavatnslögn í Bóbabrekku og nýjar dælur keyptar á Raufarhöfn ásamt rennslismæli. Mikil uppbygging var á svæðinu og þar með voru lagðar margar heimlagnir bæði á Húsavík og svo á Kópaskeri.

Gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur ohf. tók síðast breytingum 1. janúar 2023 og nam heildarhækkun gjaldskrárliða félagsins um 5%, skv. ákvörðun stjórnar OH sem tekin var á stjórnarfundi félagsins þann 10. nóvember 2022.

**FRAMTÍÐARÁFORM**
Orkuveita Húsavíkur ohf. mun halda áfram viðhaldi og endurnýjun lagna félasins til að auka rekstraröryggi veitukerfa félagsins.

**STAÐFESTING STJÓRNENDA Á ÁRSREIKNINGI FÉLAGSINS 2023**
Ársreikningur Orkuveitu Húsavíkur ohf. fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Hagnaður Orkuveitu Húsvíkur ohf. á árinu 2023 nam 185,6 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 2.363,5 milljónum króna, bókfært eigið fé í árslok er 2.234,6 milljónir króna og er eiginfjárhlutfall félagsins 95%.

Í lok ársins var einn hluthafi í félaginu, sveitarfélagið Norðurþing með 100% hlutafjárins, sem er óbreytt frá fyrra ári.

Stjórn félagsins leggur til að greiddar verði allt að krónur 66.000.000 í arð á árinu 2024 en stjórnin vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Það er álit stjórnar og rekstrarstjóra Orkuveitu Húsavíkur ohf. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og rekstrarstjóri Orkuveitu Húsavíkur ohf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Húsavík, 22/4 2024.

**Í stjórn:**
Sigurgeir Höskuldsson
Valdimar Halldórsson
Eysteinn H. Kristjánsson.
**Rekstrarstjóri:**
Benedikt Þór Jakobsson



EHK
SH VH.

# Rekstrarreikningur ársins 2023

| | Skýr. | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 3 | 455.472.248 | 424.054.222 |
| Aðrar tekjur | | 27.759.661 | 12.176.623 |
| Lífeyrisskuldbinding | 12 | (12.341.789) | (11.680.022) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (233.634.957) | (196.585.712) |
| Afskriftir fastafjármuna | 6 | (90.576.389) | (142.209.111) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 146.678.774 | 85.756.000 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 4 | 55.186.007 | 21.298.736 |
| | | 55.186.007 | 21.298.736 |
| Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga | 7 | 1.700.209 | 1.136.898 |
| **Hagnaður fyrir skatta** | | 203.564.990 | 108.191.634 |
| Tekjuskattur | 5 | (17.980.288) | (8.770.917) |
| **Hagnaður ársins** | | 185.584.702 | 99.420.717 |



EHK
V.H.

# Efnahagsreikningur 31. desember 2023

| Eignir | Skýr. | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 6 | 1.238.792.507 | 1.251.985.042 |
| Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum | 7 | 60.715.916 | 58.869.457 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 7 | 37.376.270 | 37.376.270 |
| Tekjuskattsinneign | 13 | 56.977.705 | 62.616.893 |
| | | 1.393.862.398 | 1.410.847.662 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur | 8 | 46.609.624 | 38.580.725 |
| Markaðsverðbréf | 9 | 280.030.602 | 259.782.322 |
| Kröfur á tengd félög | 16 | 140.877.774 | 125.798.415 |
| Aðrar skammtímakröfur | 8 | 11.610.925 | 4.333.156 |
| Handbært fé | 8 | 490.475.475 | 404.091.438 |
| | | 969.604.400 | 832.586.056 |
| **Eignir** | | 2.363.466.798 | 2.243.433.718 |

## Eigið fé og skuldir

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 10 | | |
| Hlutafé | | 10.000.000 | 10.000.000 |
| Lögbundinn varasjóður | | 2.500.000 | 2.500.000 |
| Eiginfjárreikningur | | 2.222.057.192 | 2.102.472.490 |
| Eigið fé | | 2.234.557.192 | 2.114.972.490 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 11 | 0 | 1.155.570 |
| Lífeyrisskuldbinding | 12 | 84.811.186 | 81.907.061 |
| | | 84.811.186 | 83.062.631 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | 14 | 20.703.618 | 23.347.287 |
| Næsta árs afborgun lífeyrisskuldbindingar | 14 | 8.819.221 | 8.592.939 |
| Næsta árs afborgun langtímaskulda | 14 | 1.285.448 | 2.311.140 |
| Ógreiddir reiknaðir skattar | 5 | 12.341.100 | 7.131.311 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 14 | 949.033 | 4.015.920 |
| | | 44.098.420 | 45.398.597 |
| Skuldir | | 128.909.606 | 128.461.228 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 2.363.466.798 | 2.243.433.718 |



EHK
1.11.

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2023

| | Skýr. | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Hagnaður ársins | | 185.584.702 | 99.420.717 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | | 90.576.389 | 142.209.111 |
| Söluhagnaður fastafjármuna | | (14.642.352) | 0 |
| Aðrir liðir | 15 | (3.793.378) | 3.015.021 |
| **Hreint veltufé frá rekstri samtals** | | 257.725.361 | 244.644.849 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun | | (15.306.668) | 742.066 |
| (Lækkun) hækkun rekstrartengdra skulda: | | | |
| Rekstrartengdar skuldir (lækkun), hækkun | | (500.767) | 6.973.552 |
| Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar | | (9.211.382) | (8.592.939) |
| **Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum samtals** | | (25.018.817) | (877.321) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 232.706.544 | 243.767.528 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| (Keyptir)/seldir varanlegir rekstrarfjármunir | | (62.741.502) | (83.931.360) |
| (Keyptir)/seldir eignarhlutar í dóttur-/hlutdeildarfélögum | | (146.250) | 0 |
| (Hækkun)/lækkun á kröfum á tengd félög | | (15.079.359) | (125.798.415) |
| | | (77.967.111) | (209.729.775) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Greiddur arður | | (66.000.000) | (122.000.000) |
| Afborganir langtímaskulda | | (2.355.396) | (2.032.149) |
| Hækkun/(lækkun) á skuldum við tengd félög | | 0 | (21.618.452) |
| | | (68.355.396) | (145.650.601) |
| Hækkun, (lækkun) handbærs fjár | | 86.384.037 | (111.612.848) |
| Handbært fé í upphafi árs | | 404.091.438 | 515.704.286 |
| Handbært fé í lok árs | | 490.475.475 | 404.091.438 |



EHK
V.H.

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Orkuveita Húsavíkur ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Orkuveita Húsavíkur ohf. vinnur og framleiðir varma og kalt vatn ásamt dreifingu og sölu á hvoru tveggja. Að auki sér félagið um uppbyggingu og rekstur fráveitukerfa ásamt hverri þeirri starfssemi annari sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins svo sem iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Orkuveitu Húsavíkur ohf. fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélagsins. Eignarhlutar í dótturfélögum er færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýmunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

| | Meðalgengi ársins | | Árslokagengi | |
|---|---|---|---|---|
| | 2023 | 2022 | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
| Evra (EUR) | 149,14 | 142,33 | 150,50 | 151,50 |
| Bandaríkjadalur (USD) | 137,98 | 135,46 | 136,20 | 142,04 |



EHK

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

### Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færist matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er eignfærður og gjaldfæður á líftíma viðkomandi lána.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## 3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur félagsins greinast þannig eftir starfsþáttum:

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Hitaveita | 268.084.134 | 250.681.266 |
| Vatnsveita | 105.657.116 | 99.062.034 |
| Fráveita | 81.730.998 | 74.310.922 |
| | 455.472.248 | 424.054.222 |

## 4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 56.748.038 | 22.729.264 |
| Vaxtagjöld | (1.389.181) | (1.558.005) |
| Gengismunur | (172.850) | 127.477 |
| | 55.186.007 | 21.298.736 |

## 5. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 18 millj. kr.. Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2024 er að fjárhæð 12,3 millj. kr..

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

| | 2023 | | 2022 | |
|---|---|---|---|---|
| | Fjárhæð | % | Fjárhæð | % |
| Hagnaður fyrir skatta | 203.564.990 | | 108.191.634 | |
| Skatthlutfall | 40.712.998 | 20,0% | 21.638.327 | 20,0% |
| Hlutdeild í afkomu undanþeginni tekjuskatti | (22.396.708) | -11,0% | (12.646.520) | -11,7% |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga | (340.042) | -0,2% | (227.380) | -0,2% |
| Aðrir liðir | 4.040 | 0,0% | 6.490 | 0,0% |
| Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi | 17.980.288 | 8,8% | 8.770.917 | 8,1% |



EHK
NH.

# Skýringar

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Veitu-mannvirki | Fasteignir | Vélar, tæki og búnaður | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 3.335.873.070 | 215.971.369 | 46.407.737 | 3.598.252.176 |
| Eignfært á árinu | 83.312.608 | 0 | 2.578.894 | 85.891.502 |
| Selt á árinu | 0 | (15.527.152) | 0 | (15.527.152) |
| Staða í árslok | 3.419.185.678 | 200.444.217 | 48.986.631 | 3.668.616.526 |
| **Afskriftir** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 2.170.226.159 | 149.202.701 | 26.838.274 | 2.346.267.134 |
| Afskrift ársins | 78.668.483 | 6.770.671 | 5.137.235 | 90.576.389 |
| Selt á árinu | 0 | (7.019.504) | 0 | (7.019.504) |
| Staða í árslok | 2.248.894.642 | 148.953.868 | 31.975.509 | 2.429.824.019 |
| **Bókfært verð** | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 1.165.646.911 | 66.768.668 | 19.569.463 | 1.251.985.042 |
| Bókfært verð í árslok | 1.170.291.036 | 51.490.349 | 17.011.122 | 1.238.792.507 |
| Afskriftarhlutföll | 1-6% | 4% | 15-20% | |

Á árinu var áætlaður líftími varanlegra rekstarfjármuna félagsins endurmetinn sem leiddi til lækkunar á afskriftaprósentum. Ef ekki hefði komið til þessa endurmats hefðu afskriftir varanlegra rekstarfjármuna í rekstrarreikningi ársins 2023 verið um 53 milljónum króna hærri en þær eru.

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

| | Fasteignamat | Vátrygginga-mat |
|---|---|---|
| Fasteignir og lóðir | 196.574.000 | 572.083.000 |
| Vélar og tæki, eignatryggingar | | 519.782.000 |
| Viðlagatrygging | | 8.522.267.760 |

## 7. Eignarhlutir í félögum

| | Hlutdeild | Nafnverð | Megin starfsemi |
|---|---|---|---|
| **Eignarhlutir í dótturfélögum:** | | | |
| Hitaveita Öxafjarðarhéraðs hf. | 50,77% | 33.000.500 | Hitaveita |
| **Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum** | | | |
| Hrafnbjargarvirkjun hf. | 48,75% | 16.477.500 | Uppbygging raforkuvera |
| Íslensk orka ehf. | 31,45% | 1.828.835 | Orkuöflun og nýting orku |
| **Eignarhlutir í öðrum félögum** | | | |
| Sjóböð ehf. | 13,79% | 2.887.913 | Bygging og rekstur sjóbaða |
| Mýsköpun ehf. | 5,00% | 500.000 | Nýsköpun og atvinnuþróun |

**Eignarhlutar í félögum:**

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 96.245.727 | 95.108.829 |
| Keypt á árinu | 146.250 | 0 |
| Hlutdeild í afkomu | 1.700.209 | 1.136.898 |
| Staða í árslok | 98.092.186 | 96.245.727 |



EHK

## 7. Eignarhlutir í félögum (framhald)

Sundurliðun á hlutdeild í afkomu og eigin fé greinist þannig:

| | Afkoma | | Eigið fé | |
|---|---|---|---|---|
| | 2023 | 2022 | 2023 | 2022 |
| **Eignarhlutir í dótturfélögum:** | | | | |
| Hitaveita Öxafjarðarhéraðs hf. | 1.955.793 | 1.658.123 | 60.430.337 | 58.474.545 |
| | 1.955.793 | 1.658.123 | 60.430.337 | 58.474.545 |
| **Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum:** | | | | |
| Hrafnbjargarvirkjun hf. | (203.529) | (242.367) | 235.600 | 292.879 |
| Íslensk orka ehf. | (52.054) | (278.857) | 49.979 | 102.033 |
| | (255.583) | (521.225) | 285.579 | 394.913 |
| Samtals dóttur- og hlutdeildarfélög | 1.700.209 | 1.136.898 | 60.715.917 | 58.869.458 |

## 8. Aðrar peningalegar eignir

**Viðskiptakröfur**

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptakröfur | 58.358.624 | 48.964.725 |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | (11.749.000) | (10.384.000) |
| | 46.609.624 | 38.580.725 |

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | (10.384.000) | (10.054.000) |
| Gjaldfært á árinu | (1.365.000) | (330.000) |
| Staða í árslok | (11.749.000) | (10.384.000) |

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

**Aðrar skammtímakröfur**

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 3.650.064 | 1.447.543 |
| Fjármagnstekjuskattur | 7.960.861 | 2.859.927 |
| Aðrar kröfur | 0 | 25.686 |
| | 11.610.925 | 4.333.156 |

**Handbært fé**

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum | 489.020.382 | 402.521.099 |
| Óbundnar bankainnstæður í erlendri mynt | 1.455.093 | 1.570.339 |
| | 490.475.475 | 404.091.438 |



EHK V.M.

# Skýringar

## 9. Markaðsverðbréf

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 259.782.322 | 250.248.057 |
| Verðbreytingar | 20.248.280 | 9.534.265 |
| Staða í árslok | 280.030.602 | 259.782.322 |

## 10. Eigið fé

Hlutafé greinist þannig:

| | Hlutir | Hlutfall | Fjárhæð |
|---|---|---|---|
| Heildarhlutafé í árslok | 10.000.000 | 100,0% | 10.000.000 |
| | 10.000.000 | 100,0% | 10.000.000 |

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 10.000.000 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2022 | 10.000.000 | 2.500.000 | 2.125.051.773 | 2.137.551.773 |
| Greiddur arður | | | (122.000.000) | (122.000.000) |
| Hagnaður ársins | | | 99.420.717 | 99.420.717 |
| Eigið fé 1.1.2023 | 10.000.000 | 2.500.000 | 2.102.472.490 | 2.114.972.490 |
| Greiddur arður | | | (66.000.000) | (66.000.000) |
| Hagnaður ársins | | | 185.584.702 | 185.584.702 |
| Eigið fé 31.12.2023 | 10.000.000 | 2.500.000 | 2.222.057.192 | 2.234.557.192 |

## 11. Langtímaskuldir

| | Skuldir við lánastofnanir | |
|---|---|---|
| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
| Skuldir í ISK | 1.285.448 | 3.466.710 |
| | 1.285.448 | 3.466.710 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (1.285.448) | (2.311.140) |
| Langtímaskuldir í árslok | 0 | 1.155.570 |

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

| | Skuldir við lánastofnanir |
|---|---|
| Næsta árs afborganir | 1.285.448 |
| | 1.285.448 |

Vegnir meðalvextir eru eftirfarandi:

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 6,05% | 6,05% |



EHK
ÞJ V.H.

## 12. Lífeyrisskuldbinding

Á félaginu hvílir skuldbinding vegna eftirlaunasamninga við starfsmenn félagsins. Samkvæmt tryggingafræðilegu mati nemur skuldbindingin 93,6 milljónir króna í árslok 2023 og miðast útreikningurinn við 2% ávöxtun umfram hækkanir á verðlagi. Hækkun skuldbindingarinnar á árinu, 12,3 milljónir króna, er færð til gjalda í rekstrarreikningi . Sá hluti skuldbindingarinnar sem kemur til greiðslu á næsta ári nemur 8,8 milljónum króna og er færður meðal annarra skammtímaskulda.

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 90.500.000 | 87.412.917 |
| Greiddar lífeyrisskulbindingar á árinu | (9.211.382) | (8.592.939) |
| Reiknuð hækkun (lækkun) lífeyrisskuldbindingar á árinu | 12.341.789 | 11.680.022 |
| Staða í árslok | 93.630.407 | 90.500.000 |
| Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar | 8.819.221 | 8.592.939 |
| Langtímahluti lífeyrisskuldbindingar | 84.811.186 | 81.907.061 |
| Staða í árslok | 93.630.407 | 90.500.000 |

Greiðslur vegna lífeyirsskuldbindinga í árslok greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Til greiðslu 2023 - 2027 | 27.560.067 |
| Til greiðslu 2028 - 2032 | 22.392.555 |
| Til greiðslu 2033 - 2037 | 17.471.114 |
| Til greiðslu 2038 og síðar | 26.206.671 |
| | 93.630.407 |

## 13. Tekjuskattsinneign/(-skuldbinding)

| | Inneign/ (skuldbinding) |
|---|---|
| Staða 1.1.2022 | 64.256.499 |
| Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2022 | (8.770.917) |
| Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2023 | 7.131.311 |
| Staða 1.1.2023 | 62.616.893 |
| Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2023 | (17.980.288) |
| Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2024 | 12.341.100 |
| Staða 31.12.2023 | 56.977.705 |

Tekjuskattsinneign/(-skuldbinding) greinast þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 36.470.863 | 42.948.912 |
| Lífeyrisskuldbinding | 18.726.081 | 18.100.000 |
| Viðskiptakröfur | 1.766.214 | 1.587.153 |
| Frestaður gengismunur | 14.547 | (19.171) |
| | 56.977.705 | 62.616.893 |



EHK

# Skýringar

## 14. Aðrar peningalegar skuldir

**Viðskiptaskuldir**

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptaskuldir | 20.703.618 | 23.347.287 |
| | 20.703.618 | 23.347.287 |

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 0 | 3.000.000 |
| Ógreiddir áfallnir vextir | 30.892 | 84.103 |
| Ógreiddur Orkuskattur | 884.043 | 827.681 |
| Aðrar skuldir | 34.098 | 104.136 |
| | 949.033 | 4.015.920 |

**Næsta árs afborganir langtímaskulda**

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 1.285.448 | 2.311.140 |
| Lífeyrisskuldbinding | 8.819.221 | 8.592.939 |
| | 10.104.669 | 10.904.079 |

## 15. Hreyfingar án greiðsluáhrifa

Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi greinast þannig.

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Verðbætur og gengismunur af langtímaskuldum | 174.134 | 366.556 |
| (Hækkun)/lækkun á markaðsverðbréfum | (20.248.280) | (9.534.265) |
| Afkoma eignarhluta í dóttur- og hlutdeildarfélögum | (1.700.209) | (1.136.898) |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | 12.341.789 | 11.680.022 |
| Breyting á tekjuskattsinneign | 5.639.188 | 1.639.606 |
| | (3.793.378) | 3.015.021 |



EHK
N.M.

## 16. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

| Viðskipti við tengd félög árið 2023: | Keypt þjónusta og vörur | Seld þjónusta og vörur | Kröfur | Skuldir |
|---|---|---|---|---|
| Norðurþing, móðurfélag | 129.513.981 | 40.619.366 | 140.877.774 | 0 |
| | 129.513.981 | 40.619.366 | 140.877.774 | 0 |

| Viðskipti við tengd félög árið 2022: | Keypt þjónusta og vörur | Seld þjónusta og vörur | Kröfur | Skuldir |
|---|---|---|---|---|
| Norðurþing, móðurfélag | 128.407.761 | 43.999.383 | 125.798.415 | 0 |
| | 128.407.761 | 43.999.383 | 125.798.415 | 0 |

## 17. Greining rekstrar eftir starfsþáttum:

Rekstur félagsins greinast þannig á árinu 2023 eftir starfsþáttum:

| | Hitaveita | Vatnsveita | Fráveita | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 294.354.802 | 107.146.109 | 81.730.998 | 483.231.909 |
| Rekstrarkostnaður | (216.699.523) | (12.654.367) | (16.622.856) | (245.976.746) |
| Afskriftir | (42.960.048) | (11.326.507) | (36.289.834) | (90.576.389) |
| Rekstarhagnaður (-tap) | 34.695.231 | 83.165.235 | 28.818.308 | 146.678.774 |
| Fjármunatekjur / (fjármagnsgjöld) | | | | 56.886.216 |
| Hagnaður fyrir skatta | | | | 203.564.990 |
| Tekjuskattur | | | | (17.980.288) |
| Hagnaður ársins | | | | 185.584.702 |



EHK

## 17. Greining rekstrar eftir starfsþáttum (framhald):

Rekstur félagsins greinast þannig á árinu 2022 eftir starfsþáttum:

| | Hitaveita | Vatnsveita | Fráveita | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 262.250.256 | 99.578.467 | 74.402.122 | 436.230.845 |
| Rekstrarkostnaður | (188.813.914) | (12.428.423) | (7.023.397) | (208.265.734) |
| Afskriftir | (50.912.943) | (28.910.988) | (62.385.180) | (142.209.111) |
| Rekstarhagnaður (-tap) | 22.523.399 | 58.239.056 | 4.993.545 | 85.756.000 |
| Fjármunatekjur /(fjármagnsgjöld) | | | | 22.435.634 |
| Hagnaður fyrir skatta | | | | 108.191.634 |
| Tekjuskattur | | | | (8.770.917) |
| Hagnaður ársins | | | | 99.420.717 |

## 18. Kennitölur

| Úr rekstrarreikningi: | 2023 | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| **Arðsemi** | | | |
| Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) | 237.255.163 | 227.965.111 | 207.144.968 |
| a) Framlegðarhlutfall rekstrar | 0,52 | 0,54 | 0,51 |
| b) Hagnaðarhlutfall | 0,41 | 0,23 | 0,18 |
| c) Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutafjár (EPS) | 18,56 | 9,94 | 7,18 |
| d) Arðsemi eigin fjár | 0,09 | 0,05 | 0,03 |

a) EBITDA/rekstrartekjur
b) Hagnaður ársins/rekstrartekjur
c) Hagnaður/nafnverð hlutafjár
d) Hagnaður/meðalstaða eigin fjár

| Úr efnahagsreikningi: | 31.12.2023 | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|---|
| **Nýting fjármagns** | | | |
| f) Veltuhraði eigna | 0,20 | 0,19 | 0,18 |
| h) Veltuhraði viðskiptakrafna | 10,69 | 10,80 | 10,11 |

f) Rekstrartekjur/meðalstaða heildareigna
h) Rekstrartekjur/meðalstaða viðskiptakrafna

| Úr efnahagsreikningi (framhald): | 31.12.2023 | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|---|
| **Greiðsluhæfi** | | | |
| j) Veltufjárhlutfall | 21,99 | 18,34 | 13,67 |

j) Veltufjármunir/skammtímaskuldir

| **Fjárhagslegur styrkur** | | | |
|---|---|---|---|
| k) Eiginfjárhlutfall | 0,95 | 0,94 | 0,94 |
| l) Innra virði hlutafjár | 223,46 | 211,50 | 213,76 |

k) Eigið fé/heildarfjármagn
l) Eigið fé/hlutafé



EHK
VH.

## 18. Kennitölur (framhald)

| **Úr sjóðstreymi ársins:** | 2023 | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| m) Skuldaþekja handbærs fjár | 1,81 | 1,90 | 1,34 |
| o) Gæði afkomu | 1,25 | 2,45 | 2,64 |
| p) Gæði rekstrarhagnaðar | 1,42 | 2,83 | 2,47 |

m) Handbært fé frá rekstri/skuldir

o) Handbært fé frá rekstri/hagnaður

p) Handbært fé frá rekstri án vaxta/rekstrarhagnaður

| Rekstrargjöld sem hlutfall af rekstrartekjum | 2023 | 2022 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Lífeyrisskuldbinding/rekstrartekjur | 2,71% | 2,75% | -0,04% |
| Annar rekstrarkostnaður/rekstrartekjur | 51,30% | 46,36% | 4,94% |
| Afskriftir/rekstrartekjur | 19,89% | 33,54% | -13,65% |
| **Rekstrargjöld/rekstrartekjur** | 73,89% | 82,65% | -8,76% |

## 19. Sjóðstreymisyfirlit

| | 2023 | 2022 | 2021 | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hagnaður (tap) ársins | 185.584.702 | 99.420.717 | 71.789.108 | 55.680.186 | 102.882.973 |
| Afskriftir | 90.576.389 | 142.209.111 | 135.165.416 | 133.284.241 | 127.051.708 |
| Reiknaðir fjármagnsliðir | (9.432.566) | 1.375.415 | 8.230.096 | 16.058.544 | (5.107.013) |
| Aðrar breytingar | (9.003.164) | 1.639.606 | (13.962.608) | 526.380 | (96.681) |
| **Hreint veltufé frá rekstri** | 257.725.361 | 244.644.849 | 201.222.012 | 205.549.351 | 224.730.987 |
| Breyting á: | | | | | |
| Rekstrartengdum eignum | (15.306.668) | 742.066 | (1.311.946) | (4.157.959) | 3.274.875 |
| Rekstrartengdum skuldum | (9.712.149) | (1.619.387) | (10.574.108) | (5.372.677) | (6.137.020) |
| **Handbært fé frá rekstri** | 232.706.544 | 243.767.528 | 189.335.958 | 196.018.715 | 221.868.842 |



EHK
V.H.

# Sundurliðanir

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | |
| Orkusala | 268.084.134 | 250.681.266 |
| Vatnsveita | 105.657.116 | 99.062.034 |
| Fráveita | 81.730.998 | 74.310.922 |
| | 455.472.248 | 424.054.222 |
| **Aðrar tekjur** | | |
| Leigutekjur | 2.655.000 | 3.749.235 |
| Aðrar tekjur | 10.462.309 | 8.427.388 |
| Hagnaður af sölu eigna | 14.642.352 | 0 |
| | 27.759.661 | 12.176.623 |
| **Laun og annar starfsmannakostnaður** | | |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | 12.341.789 | 11.680.022 |
| | 12.341.789 | 11.680.022 |
| **Annar rekstrarkostnaður** | | |
| Aðkeypt efni og vinna til endursölu | 21.525 | 802.922 |
| Rafmagn og hiti | 39.574.637 | 34.940.111 |
| Viðhald húsnæðis | 31.938 | 274.456 |
| Vinna starfsmanna - sala deilda | 31.362.424 | 39.071.660 |
| Viðhald veitna - efniskostnaður | 6.848.148 | 6.101.766 |
| Viðhald veitukerfa - verktakar | 25.537.232 | 8.902.666 |
| Vátryggingar | 2.704.452 | 2.484.937 |
| Fasteignagjöld | 4.767.902 | 4.445.322 |
| Annar húsnæðiskostnaður | 69.505 | 95.976 |
| Aðkeyptur akstur | 13.321 | 6.437 |
| Rekstur bifreiða | 2.066.300 | 1.385.540 |
| Smááhöld | 845.109 | 1.288.383 |
| Viðhald áhalda og tækja | 236.352 | 278.864 |
| Styrkir og auglýsingar | 11.208.955 | 12.198.284 |
| Ferðakostnaður | 697.026 | 412.143 |
| Tækjaleiga | 13.975.635 | 8.320.686 |
| Opinber gjöld, félagsgjöld og eftirlitsgjöld | 1.036.067 | 984.806 |
| Funda- og viðskiptakostnaður | 229.210 | 81.795 |
| Afskrifaðar og niðurfærðar kröfur | 1.872.489 | 453.491 |
| Annar starfsmannakostnaður | 1.301.658 | 955.339 |
| Hlutdeild í launum og skrifstofukostnaði | 65.007.992 | 60.567.439 |
| Annar skrifstofukostnaður | 6.716.186 | 6.259.701 |
| Endurskoðun og reikningsskil | 3.144.009 | 3.032.530 |
| Lögfræðiþjónusta | 208.332 | 464.723 |
| Rannsóknar- og þróunarvinna | 12.993.883 | 0 |
| Önnur sérfræðiþjónusta | 1.164.670 | 2.775.735 |
| | 233.634.957 | 196.585.712 |



EHK V.H.